



UMSÖGN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagssvið

Sendandi: Skrifstofa þjónustu og samskipta

Umsögn við tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um flugelda

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 16. nóvember 2022 var lögð fram að nýju svohljóðandi tillaga fulltrúa áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, sbr. 15. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 9. nóvember 2022.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að umhverfis- og skipulagsráð hvetji borgarbúa til að styrkja starf björgunarsveita án þess að kaupa flugelda. Hér er aðeins talað um hvatningu með það að markmiði að draga úr flugeldum í desember og janúar. Nota mætti auglýsingar í hvatningarherferðinni enda Reykjavíkurborg þekkt fyrir öflugar áróðursauglýsingar sínar. Mikið svifryk hefur mælst í loftinu í kringum áramót af völdum flugelda. Skotið er upp flugeldum vikum saman ef allt er tiltekið. Byrjað er löngu fyrir áramót og ekki hætt fyrr en mörgum vikum eftir áramót. Mengun frá flugeldum er vandamál. Flugeldar eru aldrei umhverfisvænir eða skaðlausir. Svifryk frá flugeldum er talið varasamt og heilsuspillandi vegna efna sem eru í því. Bent hefur verið á af ýmsum sérfræðingum að loftmengun af völdum flugelda hefur neikvæð áhrif á þá sem fyrir henni verða, sérstaklega viðkvæma hópa. Svifryk veldur ekki einungis óþægindum heldur skerðir einnig lífsgæði margra. Björgunarsveitir hafa treyst á sölu flugelda við tekjuöflun, en styrkja má þær þótt flugeldar séu ekki keyptir. Tvöfaldur gróði felst í því, styrkja starfsemi björgunarsveita sem sinna mikilvægu björgunarstarfi og á sama tíma taka ákvörðun um að menga ekki andrúmsloftið.

Umsögn

Síðustu ár hefur USK í samstarfi við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur bæði með tilkynningum og fréttum varað við líkum á slæmum loftgæðum um áramót vegna svifryksmengunar af völdum flugelda. Einnig fylgja hjá okkur, eins og hjá Umhverfisstofnun, almenningar ráðleggingar um að fara varlega, gæta að gæludýrum, og að fólk með viðkvæm öndunarfæri haldi sig innandyra. Í þessum tilkynningum hefur borgin einnig mælst til þess að íbúar líti til þess að styrkja Slysavarnafélagið Landsbjörg með kaupum á rötarskotum í stað flugelda. Sama ferli verður haft við hönd nú í lok árs.

Um næstu áramót verður íbúum borgarinnar einnig boðið upp á þá þjónustu að farga flugeldarusli í þar til gerða gáma við hverfastöðvar borgarinnar þar sem flugeldarusl má ekki fara í almenna endurvinnslu. Þannig verður íbúum veitt aðstaða til að hreinsa borgarlandið af flugeldarusli eftir það mikla magn sem fellur til eftir sprengingar áramótanna.

Í ljósi ofangreinds er mælt með því að tillögunni verði vísað frá.

Virðingarfyllst,
Halldóra Traustadóttir
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa þjónustu og samskipta